

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, miðsvæði og íbúðarbyggð við Borgartún - Sóltún.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að mörk miðsvæðis og íbúðarbyggðar við Borgartún - Sóltún breytast þannig að svæði fyrir íbúðarbyggð stækkar til norðurs og miðsvæði minnkar sem því nemur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2005.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*